


ÁHÆTTUÞÆTTIR VIÐ MATREIÐSLU

Í viðkvæmum matvælum eiga sjúkdómsvaldandi örverur auðvelt með að fjölga sér. Mörg matvæli eru ekki gegnum soðin/steikt fyrir framreiðslu, t.d. eggjaréttir, salöt, kjötvörur, mjólkurvörur og ýmsir sjávarréttir. Sumar örverur geta myndað gró sem þola suðu. Ef kæling matvæla er of hæg geta gróin spírað og örverur myndað eiturefni.

INNKAUP



Kaupið vörur frá viðurkenndum birgjum. Setjið skilyrði um hámarks hitastig við flutning og móttöku matvælanna.

MÓTTAKA MATVÆLA

Athugið flutningstæki, útlit, hitastig, umbúðir og geymslupolsmerkingu.



GEYMSLA

Geymið viðkvæm matvæli við viðeigandi hitastig og skráið dagsetningu. Vinnið eftir reglunni: fyrst inn, fyrst út.



VINNSLA

Þvoið hendur áður en vinnsla með matvæli hefst. Notið hrein áhöld. Aðskiljið hrá og tilbúin matvæli.

MATREIÐSLA

Steikið unnar kjötvörur og kjúklinga þannig að kjarnahiti (hitastig í miðju) nái a.m.k. 75°C.



KÆLING

Kælið matvæli eins hratt og unnt er, í grunnum ílátum. Látið viðkvæm matvæli ekki standa við stofuhita.

HALDIÐ HEITU

Halda skal heitum mat yfir 60°C.



UPPHITUN

Við upphitun skal hitastig í matvælum ná a.m.k. 75°C.

KÆLIGEYMSLA

Eftirlit með hitastigi. Kælivörur 0-4°C og frystivörur 18°C. Dagmerkið viðkvæm matvæli, virðið geymslupolsmerkingu. Vinnið eftir reglunni: fyrst inn, fyrst út.



FRAMREIÐSLA

Framreiðið viðkvæm matvæli eins fljótt og unnt er.

ÁHÆTTA

Örverur fjölga sér mjög hratt við kjörhitastig. Viðkvæm matvæli geta verið menguð sjúkdómsvaldandi örverum eða eiturefnum.

Viðkvæm matvæli geta verið menguð sjúkdómsvaldandi örverum eða eiturefnum.

Örverur fjölga sér mjög hratt í matvælum við kjörhitastig. Mengun af sjúkdómsvaldandi örverum og / eða eiturefnamyndun í viðkvæmum matvælum.

Örverur geta borist frá mönnum og áhöldum í matvæli og einnig milli matvæla. Matvæli mengast og sjúkdómsvaldandi örverum fjölga.

Hætta er á að sjúkdómsvaldandi örverur lifi af.

Örverugró geta spírað og /eða fjölgun orðið á sjúkdómsvaldandi örverum. Hætta er á eiturmyndun.

Fjölgun getur orðið á sjúkdómsvaldandi örverum. Hætta er á eiturmyndun.

Sjúkdómsvaldandi örverur geta lifað af.

Fjölgun getur orðið á sjúkdómsvaldandi örverum. Hætta á eiturmyndun. Krossmengun.

Fjölgun getur orðið á sjúkdómsvaldandi örverum. Hætta á eiturmyndun. Krossmengun.